

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækninum, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisrekninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækninum að fullu.

2. gr.

Við 2. mgr. 54. gr. sömu laga baetist:

Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kaupþúni eða kaupstað, getur sjúkramlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafist þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.

Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni varðar sektum, allt að 5000 krónum, er renna í bæjar- eða hreppssjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir

renna í bæjar- eða hreppssjóð. Einnig getur heilbrigðisnefnd látið vinna verk, er hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, er vanrækt hefur að vinna verkið.

Kostnað og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. mars 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.